

Móðir Bjartar vill verða formaður Geðhjalpar

Nýr formaður kosinn á aðalfundi á laugardaginn

Aðalfundur Geðhjalpar fer fram næstkomandi laugardag, þann 13. apríl. Á fundinum verður kosið í nýja stjórn og eru tveir í framboði til formanns samtakanna. Athygli vekur að annar frambjóðendanna, Drífa Kristjánsdóttir, er móðir fyrrverandi formanns, Bjartar Ólafsdóttur. Hrannar Jónsson býður sig fram á móti henni. Samkvæmt heimildum DV verður á fundinum einnig kynnt óháð úttekt sem núverandi stjórn lét gera á rekstri samtakanna og hvort allt hafi verið með felldu.

Töluverð átök voru innan stjórnar samtakanna um nokkra hríð sem enduðu með því að vantrauststillaga var samþykkt á Björt í lok síðasta árs. Skömmu síðar sagði hún af sér formennsku. Ástæðurnar fyrir vantraustinu voru sagðar starfshættir hennar, meint smölun í félagið fyrir kosningar til stjórnar árið 2011 og falsanir á kjörgögnum 2012. Sjálf greindi Björt frá því að ástæðan fyrir afsögninni væri framboð hennar til Alþingis fyrir Bjarta framtíð, en hún leiðir lista þeirra í Reykjavíkurborg norður.

Jón Birgir Einarsson, núverandi formaður Geðhjalpar, segir stjórnina sem tekur við í raun fullmannaða að formanni undanskildum. Því verður eingöngu kosið í embætti formanns. Aðalfundurinn leggst ágætlega í Jón Birgi og hann vonast til að fundurinn marki vissan vendipunkt. Hann telur að stjórnin sem taki við hafi alla burði til að gera Geðhjálpar að trúverðugri og kraftmikilli rödd í hagsmunagæslu, en bendir hins vegar á að til þess að það geti gerst verði sátt að ríkja um næsta formann.

„Félagið er óumdeilanlega laskað eftir átök undangenginna tveggja ára. Rekstur félagsins hefur verið í uppnámi sem sést best á miklum viðsnúningi milli ára, en tæplega fimm milljóna króna tap var á rekstri félagsins í fyrra. Álíka slæmt er að félagið hefur einnig glatað vissum trúverðugleika og ásýnd þess hefur beðið álitshnekki,“ segir Jón Birgir.

Hann hvetur alla félagsmenn til að mæta á aðalfundinn og kjósa formann sem þeir treysta til að koma á friði innan félagsins svo að bæði stjórn og starfsmenn geti einbeitt sér að þeim mikilvægu verkefnum sem bíða.